

Vert að gefa þessum unga manni gætur



Skák
Helgi Ólafsson
helol@simnet.is

Bragi Þorfinnsson er efstur í A-flokki Haustmóts Taflfélags Reykjavíkur þegar tefldar hafa verið fjórar umferðir. Bragi hefur hlotið 3½ vinning en á hæla hans kemur Oliver Aron Jóhannesson með 3 vinninga. Tíu skákmenn tefla í efsta flokki en Bragi og Oliver munu mætast í lokaumferðinni.

Haustmótið hefur um áratuga skeið verið eitt helsta skákmótið hér innanlands og er gjarnan nefnt í sömu andrá og Skákþing Reykjavíkur og Skákþing Íslands. Margir ungir og efnilegir skákmenn óðlast þarna mikilsverða reynslu en að þessu sinni er teflt fjórum flokkum. Í B-riðli hefur Guðlaug Þorsteinsdóttir örugga forystu en hún hefur unnið allar skákir sínar fjórar talsins. Guðlaug verður í kvennaliði Íslands sem teflir á Evrópumóti landsliða í næsta mánuði. Í C-flokki leiðir Gauti Páll Jónsson með 3 vinninga af þrem mögulegum og í opna flokknum er efstur Oliver Alexander Mai með 3½ vinning af fjórum mögulegum.

Meistaramót Hugins var heldur fyrr á ferðinni en Haustmót TR og þar sigraði Einar Hjalti Jensson eftir harða keppni við Davíð Kjartansson, hlaut 6½ vinning af sjö mögulegum. Davíð kom næstur með 6 vinninga. Bárður Örn Birki-sson og Birkir Karl Sigurðsson komu næstir með 5 vinninga. Alls voru keppendur 34 talsins.

Glæsilegur sigur Jóns Kristins á Skákþingi Norðlendinga

Skákþing Norðurlands sem fram fór helgina 18.-20. september varð ekki sú svefnganga vanans sem sumir bjuggust við. Er þá vísað til þess að gestir tveir „að sunnan“ voru langstígahæstu keppendurnir: Guðmundur Kjartansson og Einar Hjalti Jensson. En hinn 16 ára gamli Akureyringur Jón Kristinn Þorgeirsson gerði sér lítið fyrir og vann þá báða! Jón tapaði skák sinni í 1. umferð en vann allar skákir sínar eftir það og varð einn efstur á mótinu og hlaut sæmdarheitið Skákmeistari Norðlendinga 2015.

Það er vert að gefa þessum unga manni gætur í framtíðinni. Byrjunarleikirnir í skákinni við Einari Hjalta í 6. umferð féllu þannig:

Jón Kristinn Þorgeirsson – Einar Hjalti Jensson
Caro Kann

1. e4 c6 2. Rc3 d5 3. d4 dxe4 4. Rxe4 Rd7 5. Rf3 Rgf6 6. Rg3 Dc7 7. Bd3 e6 8. 0-0 b6 9. De2 Bb7 10. He1 c5 11. Rg5 Dc6 12. R3e4 a6 13. Bf4 cxd4



Einar Hjalti hefur ekki verið nægilega á varðbergi í Caro-Kann vörninni og nú féll sprengjan:

14. Rxf7! Kxf7 15. Rd6+!

Einari hafði ekki tekið þennan leik með í reikninginn, 15. Rg5+ mátti svara með 15. ... Kg8.

15. ... Dxd6

15. ... Ke7 leiðir til máts: 16.

Dxe6+ Kd8 17. Rf7+ Kc8 18.

De8+! Rxe8 19. Hxe8 mat.

16. Bxd6

Eftir að drottning féll átti Jón Kristinn ekki í vandræðum með að innbyrða vinninginn. Þó að Einar Hjalti hafi barist vel gafst hann upp eftir 52. leiki.

Svidler vann fyrstu skákina í úrslitaeinvíginu

Þegar tveir standa eftir í heimsbikarmóti FIDE í Khanty Manyisk þarf ekki að koma á óvart að þeir sem frammistöðu sinni hafa tryggt sér sæti í áskorendamótinu á næsta áru skyldu koma frá Rússlandi og Úkraínu: Peter Svidler og Sergei Karjakin eru báðir vanir því andrúmslofti sem ríkir á keppnisstaðnum í Síberíu. Karjakin vann Pavel Eljanov í undanúrslitum, 3½ :

2½ og Svidler lagði Anish Giri, 1½ : ½. Þeir munu tefla fjórar skákir til úrslita og þá fyrstu vann Svidler fremur auðveldlega á fimmtudaginn.

Fjármálaerfiðleikar Hörpu

Eftir Örnólf Hall

Ekki alls fyrir löngu var birt enn eitt árlegt rekstrartap Hörpu á 548 milljónir (<http://www.fjs.is/media/rikisreikningur/Rikisreikningur-arid-2014-Arsreikningar-rikisadila.pdf> – sjá bls. 466). Það er ekkert nýtt að Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús sé rekin með tapi. Á ríkisreikningi 2011 er tapið 534 millj. Á ársreikningi 2012 var tapið um 1,4 milljarðar. Árið 2013 var 1,3 milljarða gamalt Landsbankalán felt niður og þá skaust upp 163 millj. „rekstrargróði“. Þetta gerist þrátt fyrir allan fjöldann af mannfundum, viðburðum og tónleikum.

Þarf ekki að stórhækka útleiguverð og þar með miðaverð? Hvað verður árið 2015 og eftirleiðis? Er ekki „húsið okkar“, sem er svo borginmannlega kallað, alltof stórt og of dýrt í rekstri?

Viðhaldið mikla

Viðhaldskostnaður gefinn upp 2011 í Fjárlögum Alþingis 2011 (02-969/6.23) var sagður 44,2 milljónir vegna viðhalds Hörpu (fyrir opnun). Í svörum (til Fjárlaganefndar) um sundurliðaðan árlegan viðhaldskostnað Hörpu frá opnun til loka árs 2014 er talan um 84 milljónir. Ef bætt er við (úr svörum) aukaverkum (viðhald) sem þurfti að vinna við Hörpuhúp upp á 33 milljónir, sem ekki var getið um áður, þá verður heildarviðhaldið 161,2 milljónir kr. NB: Íslandsmet í viðhaldskostnaði á opinberri byggingu á svo fáum árum.

Stórráðstefnurnar og sjálfbærnin

Þær áttu að bjarga Hörpurekstri. Bjartsýnir Hörpuforkólar fullyrta að Harpa yrði sjálfbær í síðasta lagi 2014 og arfaslakur rekstur hennar myndi „reddast“ með fjölda stórráðstefna sem hingað til hafa brugðist, en stærst var um 2.000 manna ráðstefna tannréttingafólks 2013. Háskóli Íslands hreppti stærstu ráðstefnuna árið 2011, þar voru um 5.000 stjórnmálafræðingar, sem

hressti upp á fjárhag Háskóla Íslands sem betur fer eftir 260 milljóna króna niðurskurð mennta- og fjármálaráðuneyta, á meðan þau létu brúlið með 130 milljóna króna glerþak Hörpu, sem fæstir sjá nema úr lofti, óátalið.

„Skuldabréfssalan“

Á miðju ári 2013 seldi Harpa skuldabréf, þess til fjárfesta annaðist Landsbankinn. Aðspurður sagði fulltrúi Landsbankans að skuldabréfið hefði verið selt snögglega. Undirritaður hafði áður spurt eignastýringu síns banka um þessa skuldabréfsútgáfu og sagði sá að enginn áhugi virtist fyrir henni. Enn fremur sögðu fulltrúar eignastýringasjóða lífeyrissjóða að þeir könnuðust ekki við að hafa keypt. Allt væri kannað og metið rækilega áður farið væri út í kaupævintýri, sagði t.d. sjóður undirritaðs. Hagfróðir menn sem undirritaður ræddi við töldu þetta skuldabréf lítt girnilegt þrátt fyrir verðtryggingu og góða vexti. Greiðandinn væri ótraustverður og stórskuldugur.

En er það svo? Skoðum ársreikninginn aðeins betur. Samkvæmt sjóðstreymi Hörpu þurfti reksturinn handbært fé upp á 433 m.kr. Þ.e. félagið þurfti að fá 433 m.kr. í peningum til að hægt væri að reka Hörpu árið 2013 svo að dæmið gengi upp. Innkoman af rekstri Hörpu dugði engan veginn til. Langtímaskuldir Hörpu eru yfir 19 ma.kr. og skv. ársreikningi á félagið að greiða yfir 300 m.kr. í afborganir af þeim á næsta ári, þ.e. 2014. Skuldabréfið stóra sem gefið var út 2013 og Landsbankinn keypti að fullu ber 3,55% verðtrygðða vexti og er jafn-greiðslulán (annuitet), sem þýðir að fyrstu árin eru greiðslur vegna afborgana lágar en greiðslur vegna vaxta háar. Það má því gera ráð fyrir að vaxtagreiðslur verði mun hærri en 300 m.kr. á árinu 2014, vel yfir 600 m.kr. Samtals ætti því Harpa að þurfa að greiða af skuldabréfinu hátt í 1 ma.kr. á árinu 2014. Þeir peningar eru ekki til í rekstri Hörpu né lúrir

» Rekstur Hörpu mun ekki í fyrirsjáanlegri framtíð getað skapað slíka fjármuni að dugi til greiðslu vegna skuldabréfsins.

félagið á slíkum sjóðum að geta greitt slíkar upphæðir árlega næstu 30 árin. Rekstur Hörpu mun ekki í fyrirsjáanlegri framtíð getað skapað slíka fjármuni að dugi til greiðslu vegna skuldabréfsins. Það er því aðeins einn kostur eftir, einhver annar en Harpa verður að greiða af skuldabréfinu. Kemur nú til sögunnar fyrirtækið Greiðslumiðlunin Hringur ehf. Það fyrirtæki er hluti af samsteðunni Harpa ohf. og er eini tilgangur félagsins að taka lán til byggingar Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúss. Þetta félag var í raun útgefandi skuldabréfsins sem Landsbankinn sá um sölu á til fjárfesta (þ.e. Landsbankans). Andvirði skuldabréfsins rann svo beint til Hörpu. Einu „tekjur“ þessa félags er framlag frá ríkinu og Reykjavíkurborg, sem þau hafa skuldbundið sig með óafturkræfum hætti, skilyrðislaust og algjörlega óháð öllum öðrum atvikum til að veita félaginu næstu 35 árin. Síðasta greiðsla framlags verður á árinu 2046. Ríkið og Reykjavíkurborg geta þar með fært í sínar bækur árlega greiðslu framlagsins til Greiðslumiðlunarinnar Hringur ehf. á sama hátt og verið væri að greiða leigu af langtímaleigusamningi. Hvorki ríkið né Reykjavíkurborg bóka skuld í sínum bókom vegna óskilyrtrar og ófrávíkjanlegrar skuldbindingar um greiðslu framlagsins til Greiðslumiðlunarinnar Hringur ehf. næstu 35 árin. Spurt að lokum: Hver er endanlegur byggingarkostnaður Hörpu að meðöldum niðurfelldum kröfum á verðlagi hvers tíma og uppreiknað miðað við vísitölu byggingarkostnaðar til mars 2015? Hver er rekstrargrundvöllur Hörpu næstu 30 árin, tekjur og gjöld með og án afskrifta sem og sjóðstreymi?

Höfundur er arkitekt.

BRIDS

Umsjón Arnór G. Ragnarsson | brids@mbi.is

Gullsmárinn

Góð þátttaka var í Gullsmára mánuðaginn 28. september. Spilað var á 13 borðum. Úrslit í N/S:

Guðrún Hinriksd. - Haukur Hanness.	325
Pétur Antonsson - Guðl. Nielsen	311
Vigdís Sigurjónsd. - Ragnar Jónss.	308
Pórður Jörundss. - Jörundur Þórðarson	303

A/V

Kristín G. Ísfeld - Óttar Guðmss.	315
Ragnar Ásmundss. - Ásgeir Gunnarss.	309

Magnús R. Jónsson - Pétur Jósefsson	306
Kristrún Stefánsd. - Sverrir Gunnarss.	297

Mjög góð þátttaka var fimmtudaginn 1. október. Spilað var á 14 borðum. Úrslit í N/S:

Guðm. Pálsson - Sveinn Simonarson	318
Guðrún Gestsd. - Ragnar Ásmundss.	306
Guðl. Nielsen - Pétur Antonsson	299
Jón Bjarnar - Katarínus Jónsson	285
Birna Lárusd. - Sturlaugur Eyjólfss.	284

A/V

Sigurður Njálsson - Pétur Jónsson	309
Ágúst Vilhelmsson - Kári Jónsson	306
Gunnar Alexanderss. - Ellis Helgason	303
Guðbjörg Gíslad. - Sigurður Sigurðsson	298
Sigurður Gíslason - Reynir Bjarnason	291

Allt spilaáhugafólk er velkomið í

Gullsmárann.

Fjórtán borð hjá eldri borgurum í Reykjavík

Mánudaginn 28. september var spilaður tvímenningur á 14 borðum hjá bridsdeild Félags eldri borgara í Reykjavík

Efstu pör í N/S

Guðl. Bessason - Trausti Friðfinnss.	366
Jón P. Karlsson - Björgvin Kjartanss.	364
Björn Árnason - Auðunn R. Guðmss.	357

A/V

Albert Þorsteinss. - Bragi Björnsson	367
Kristín Guðbjd. - Friðgerður Benedikts.	360
Björn E. Péturss. - Hrólfur Guðmss.	346

mbi.is

Alltaf Allstaðar

Nýja haustlínan er komin í verslanir

Sölustaðir:

Hagkaup • Debenhams • Intersport • Jói Útherji • Herrahúsið • Karlmann • Verslun Guðsteins Eyjólfssonar
Bjarg • Akranesi • Pex - Reyðarfirði og Neskaupsstað • Joe's - Akureyri • Axeló - Vestmannaeyjum
Sportbær Skóbúð - Selfossi • Hafnarbúðin - Ísafirði • Kaupfélag Skagfirðinga • Siglósport - Siglufirði
K-Sport - Keflavík • Verslunin Ták - Húsavík • Barón - Selfossi • Sentrum - Egilsstöðum
Blómsturvellir - Hellissandi • Verslun Bjarna Eiríkssonar - Ísafirði • Efnalaug Dóru - Höfn

RÚN
HEILDVERSLUN

30
ÁRA

